

Kæru nýnemar, verið hjartanlega velkomin í Listaháskóla Íslands.

Í dag stígið þið yfir þröskuld. Inn í samfélag. Inn í rými þar sem spurningar skipta máli. Þar sem þið lærið að greina það sem liggur undir yfirborðinu. Og gefa því rödd, form og kraft.

Þið eruð hér því þið hafið valið listina. Ímyndunaraflið. Fegurðina. Óþægindin. Efann.

Og þetta val er ekki minna mikilvægt nú en áður. Þvert á móti.

Eftir því sem tækninni vindur fram verður sérstaða listarinnar meiri. Þar komum við saman hér og nú. Í sameiginlegri reynslu. Þar sjáum við hið óséða. Heyrum það sem ekki hefur verið sagt. Þar birtist hið brothætta, mannlega og ófyrirsjáanlega. Það sem gerir okkur lifandi.

Listaháskólinn er suðupottur. Rannsóknarstofa. Æfingasalur. Svið. Vinnustofa. Hugsunarrými. Hér mætast hugmynd og handverk. Agi og tilraun. Einbeiting og óvissa.

Verið leitandi. Þið þurfið ekki að vita öll svörin. Leitin er leiðin inn í dýptina. Hún skerpir sýnina. Kveikir spurningar. Opnar það sem annars helst lokað. Þar byrjar röddin að skýrast.

Röddin skýrist í ferlinu. Stíllinn verður til í leitinni. Áætlunin breytist á leiðinni. Byrjið á spurningunum sem hreyfa við ykkur: Hvað vekur mig? Hvað hræðir mig? Hvað kallar á mig? Hvar slær hjartað hraðar?

Gerið mistök. Mistök sem opna eitthvað. Mistök sem sýna ykkur hvert verkið vill fara. Horfið á þau. Vinnið úr þeim. Lærið. Reynið aftur. Skarpari. Mýkri. Hugrakkari. Þorið að breytast. Þorið að hafa skoðun. Og þorið að skipta um skoðun. Þannig vaxið þið.

Þjálfði hugrekkið. Athyglina. Hjartað. Listin krefst úthalds. Aga. Næmni. Eldmóðs. Takið drauminn alvarlega. Takið námið alvarlega.

Haldið vöku ykkar. Sjáið lengra en það sem blasir beint við. Spyrjið: Hver fær að sjást? Hver fær að tala? Hver er skilinn eftir utan við myndina? Hlustið þegar eitthvað í ykkur segir: þetta þarf að sjást öðruvísi.

Listin er spegill. Og hún er afl. Hún gerir hið ósýnilega sýnilegt. Gefur þögninni rödd og hinu ómótaða form. Hún minnir okkur á manneskjuna sjálfa: líkama sem skynjar, rödd sem leitar, minnið sem býr í okkur, sögu sem heldur áfram, samböndin sem móta okkur.

Að taka námið alvarlega er að mæta. Hlusta. Undirbúa sig. Taka gagnrýni inn án þess að láta hana skilgreina sig. Vanda handverkið. Hugsunina. Samtalið. Ferlið. Innblástur skiptir máli. Innsæið skiptir máli.

Þið gerið þetta ekki ein. Tengist hvert öðru. Leitið til okkar. Spyrjið. Hjálpist að. Fylgist með verkum annarra. Listamaður verður til í samtali. Í mótspyrnu. Í trausti. Við þurfum hvert annað til að sjá skýrar. Heyra betur. Þora meira.

Þið komið inn með skoðanir. Tungumál. Minni. Efasemdir. Húmor. Sár. Styrk. Drauma. Sjónarhorn sem við hin höfum ekki enn séð. Okkar hlutverk er að að skerpa það sértæka sem í ykkur býr. Gefa því rými. Og hjálpa því að birtast og finna sér form.

Verið nýnemar af öllu hjarta. Ringluð. Spennt. Forvitin. Vakandi. Leitandi. Dagarnir verða ekki alltaf fullkomnir. Sem er gott. Fullkomleikinn er oftast kyrrstæður, það gerist lítið þar. Leonard Cohen minnti okkur á að það er sprunga í öllu. Þar kemst ljósið inn. Leitið að sprungunum. Þar kviknar oft það sem síðar verður mikilvægt.

Kæru nýnemar. Gangið inn í þennan skóla með opin augu. Opið hjarta. Og næga óvissu til að eitthvað nýtt geti gerst. Spyrjið. Prófið. Hlustið. Vinnið vel. Hjálpist að. Verið rausnarleg við verk annarra. Kröfuhörð við ykkar eigin. Finnið ykkur. Týnið ykkur. Finnið ykkur aftur.

Takið pláss. Í spurningunum. Í verkunum. Í samtalinu. Látið óttann ekki smækka hugmyndirnar ykkar. Látið hann skerpa þær. Treystið því að það sem hreyfir við ykkur geti líka hreyft við öðrum.

Verið hjartanlega velkomin í Listaháskóla Íslands. Gangið af stað með forvitni, áræði og trausti á því sem í ykkur býr. Heimurinn bíður ekki eftir fullkomnu verki. Hann bíður eftir röddum sem þora.

Nú hefst nýr kafli, njótið hans! Ég hlakka til ferðarinnar með ykkur.